

Fundur DA  
27.9.2017  
HSN//Húsavík

Mættir: Guðný Friðriksdóttir, Hróðný Lund, Baldur Danfélsson, Sigurður Böðvarsson, Steinþór Heiðarsson, Dagbjört Jónsdóttir, Kristján Þór Magnússon, Jón Helgi Björnsson

1. Skýrsla framkvæmdastjóra  
Guðný og Hróðný fóru yfir rekstrartölur og útkomuspá fyrir árið 2017.
2. Mönnun næturvakta í Hvammi  
Ljóst er að umönnunarstundir í Hvammi eru helst til fáar miðað við útgefin viðmið.  
Þyngdarstuðulll bjónustuþega hefur auk þess farið hækkandi og álag á starfsfólk aukist þess vegna. Stjórn telur einhlýtt að bregðast verði við stöðunni og fjölgla starfsfólki á næturvakt. Framkvæmdastjóra er falið að hrinda úrbótum af stað en gæta allra leiða til að finna hagræðingarmöguleika í rekstrinum á móti auknum útgjöldum hvað þetta varðar.
3. Fjöldi hjúkrunarrýma  
Þörf fyrir dvalarrými í Hvammi hefur farið minnkandi undanfarin misseri. Ljóst má þykja að enn vantar tölувert uppá að fjöldi hjúkrunarrýma á svæðinu sé ásættanlegur m.v. stærð svæðisins. Því óskar stjórn eftir því að framkvæmdastjóri fari þess á leit við velferðarráðuneytið að tveimur dvalarrýmum verði skipt út fyrir eitt hjúkrunarrými nú þegar. Stefnt verði að því að dvalarrýmum verði fækkað niður í níu talsins þegar tækifæri gefst til þess með tímanum, en hjúkrunarrýmum fjölgæð á móti.
4. Búseturéttaríbúðir – fjölgun í Miðhvammi  
Stjórn felur framkvæmdastjóra að afla frekari gagna um þann möguleika að fjölgum um eina búseturéttaríbúð í Miðhvammi og með því gera þær breytingar að allur rekstur dvalarrýma og hjúkrunarrýma verði í húsnæði Hvamms.
5. Ósk um fund með fulltrúum er bjóða sig fram í alþingiskosningum  
Stjórnarformanni falið að koma á fundi með frambjóðendum til alþingiskosninga um málefni DA.
6. Kynning á vinnu ráðgjafa um stofnun húsnæðissjálfseignarstofnunar hses Hvamms  
Gögn lögð fyrir fundarmenn og rætt var um að kynna fullbúin drög fyrir sveitarstjórnnum að afloknum næsta fundi DA. Stjórnarformanni falið að halda vinnunni áfram með ráðgjöfum og leggja fyrir stjórn að nýju.
7. Önnur mál

Steinþór Heiðarsson  
Kjartan Þór Magnússon  
Dagbjört Jónsdóttir  
Baldur Danfélsson